

Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið Kirkjustræti 150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.), 418. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 10. febrúar 2021.

Allar tonna/lestir miðast við tölur sem fengnar eru á heimasíðu Fiskistofu fiskveiðiárið 2020/21 skv. Því er heildaraflaúthlutun í 5,3% pottinn nú 26.864 kg en þá á/ætti eftir að taka til að nýverið var gefinn út 69.834 tonn í loðnuúthlutun sem á eftir að setja við heildaraflamark ársins.

Ígildisstuðlar og 5,3% pottur:

Athyglivert er að skoða þorsígildisstuða á uppsjávarfiski við Ísland og væri þar leið til að auka verulega aflamagn í 5,3 % pottinn. Hvernig má það vera (Fiskistofa) að ekki sé farið eftir 19.gr laga nr. 116/2006 þar sem segir ma. **Þorsígildi skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum.**

Dæmi: Ef það er rétt að meðalþorsverð er ca.300 kr./per kg og stuðulinn 1.0 væri þá ekki eðlilegt að hækka stuðilinn í sæmræmi við verð á uppsjávarfiski eins og td. Síld sem fæst fyrir 200 kr./per kg og loðnu á kr.170 per kg, upp í ígildistuðulinn 0,50 af þorsígildisstuðli í stað þess eru stuðlar á síld,loðnu,makríl og fl. uppsjávarfiski frá 0,13 og neðar.

Ef miðað væri við þau verðmæti sem fengjust fyrir uppsjávarfiskinn þá væri öruggt að það kæmi talsvert meira í 5,3% pottinn. Bara nú út úr 69.834 tonna loðnuafli mun koma í 5,3 % pottinn af ígildisstuðlinum 0,13 = 90,8 tonn. Ef væri miðað við stuðulinn 0,50 (þar sem 170 kr. meðalverð fæst fyrir loðnu)þá væru þetta 349 tonn/lestir. Svona er þetta á öllum uppsjávarafla á Íslandi að ígildisstuðlarnir eru í engu samræmi við aflaverðmæti þeirra.

Breyta þyrfti 19.gr laga nr.116/2006.

Núna á árinu 2021 er enginn ígildisstuðull á loðnu, vegna tveggja ára loðnuleysis er ekki hægt að setja ígildisstuðul skv.19 gr laga nr.116/2006. Væri því eðlilegt að nefndin setti inn í lögina að nota skyldi síðasta reiknaða ígildisstuðul við loðnuveiðar og kæmi þá allavega í pottana miðað við síðustu úthlutun. Þar af leiðir kemur því ekkert í pottana fyrir en eftir ár af úthlutun loðnu nú.

Varasjóður vegna óvæntra áfalla = 10,52 % af heildarpottinum sem eru nú skv, Fiskistofu 2.826 tonn/lestir.

Svar: Stjórnvöld hverju sinni, eiga að taka á þeim áföllum sem upp koma í þjóðfélaginu. Hvaða áföll sem kunna að verða.

Skelfilegur pottur sem vær mikið betur kominn til strandveiða. Þarna er ekkert annað en um að ræða en atkvæðaveiðar ríkistjórnar, vinsældaveiðar sjávarútvegsráðherra hverju sinni, hver sem hann er eða verður.

Byggðastofnunarkvóti upp á 22,03%. Af 26.864 t = 5.918 tonn

Vil ekki tjá mig mikið um þennan pott. Gott og vel að styrkja byggðir sem eru halloka.

Byggðakvóti: upp á 22,8 % af 26.864 t = 6.125 tonn.

Væri ekki nær að einfalda þennan pott, leggja þetta niður og efla aðra þætti - bæði kvóta Byggðastofnunar og strandveiðarnar ?

Línuviltun: upp á 8,5 % af 26.864 t = 2.283 tonn .

Þetta nýtist eins og það átti að nýtast til þ.e að hvetja til vinnu í landi og á að vera til slíks.

Ef ekki næst að klára þær heimildir sem í pottinum eru þá væri mjög auðvelt að hækka þá prósentu sem í gildi er til að klára þennan pott.

Passa verður upp á það sem ráðherra segir í frumvarpinu að hann nýti afgang ef af verður, eins og honum þóknist til byggðakvóta er slæmt en strandveiðar fengu eins og við vitum 1000 lestir frá þessum potti sl. sumar.

Ferðabjónustupottur: upp á 0,94% af 26.864 tonnum = 252 tonn.

Gott og vel.

Strandveiðar: upp á 35,4 % af 26.864 tonn = 9.509 tonn

Það er um 1300 tonnum minna en við veiddum sl.sumar og höfðu þá bátar allt að 47 sóknardögum að ráða. Flotinn veiddi alls 10 755 lestir/tonn eftir að fá 1000 tonn frá ónotaðri línuviltun.

Þannig að ekki þarf mjög mikinn afla til að nægjanlegur afli verði í þessu kerfi miðað við að halda áfram með þetta sóknarkerfi.

Ég hef reynt að hugsa um hvað er í boði og hvernig strandveiðar komu til í útfærslu þeirra á upphafsárunum. Margir búnir að gleyma tilgangi laganna um strandveiðar og uppruna þeirra en þær áttu og eiga vera fyrir alla byggðir í landinu og ekki bara fyrir sjómenn. Halda uppi lífi og vinnu í hinum smæstu byggðum um land allt og hlutdeild á hvert svæði var í hlutfalli

byggðakvóta á svæðin. Einnig eiga fiskkaupendur að hafa aðgang að fiski á mörkuðum til að geta haldið uppi vinnslu og staðið við samninga við neytendur.

Hvernig leysum við vandann um raðútgerðarmenn? Er ekki nóg fyrir einn kall að eiga einn bát? - sbr upphaflegu hugmyndir strandveiða. Hvernig getum við tekið þessu vandamáli og gengið alveg öruggt að eigandi sé um borð.

Svæðisskipting:

Svæðin voru sett á hugsuð til að efla byggðirnar á öllu landinu en á dagakerfinu sem var 2002/2004 þá endaði það með því að aflinn var færður í land á fáum stöðum.

Mjög slæmt að færa úthlutun til fyrri ára (2017) þ.e. færa og festa aflamark á ákveðin svæði vegna fiskgengdar síðla sumars á svæði B og C eru engin rök. Vissulega er betri fiskur á svæðum A og D í maí og júní en það einnig þannig að nánast engin grunnveiði er á þeim svæðum í júlí og ágúst, þar þurfa bátar að sækja 35 sjóm og lengra til að ná afla, snýst dæmið við miðað við svæði B og D. Þannig að það kemur best út að halda í þá góðu hluti sem hafa fengist með reynslunni að hafa jafna sóknardaga á öllu landinu, allir jafnir. Eins og öllum er kunnugt um þá voru nokkur ár frá 2009-2017 sem svæði A hafði 28 til 32 sóknardaga á meðan C og D höfðu allt að 46 sóknardögum úr að spila. Það þarf ekki að ræða þetta frekar....

Ef nauðlendingin verðu að setja afla á hvert svæði þá væri eðlilegt að fella út svæðaskiptinguna að bátar gætu því fært sig á milli svæða.

Skv. frumvarpi er tímalengdin 6 ár en ekki úrslitaákvæði frummælanda.

Svar: Það er ekkert að því að hafa einhvern fyrirsjáanleika til framtíðar, vita hvernig framtíðin verður næstu ár ef að nægjanlegt magn verður til strandveiða. Hversu mörg ár verða, 3 til 6 ár. Það er betra heldur en að vera í þessu á hverju vori.

Gjaldtaka:

50.000 kr gjald á strandveiða sem sérveiðileyfagjald sem rennur til hafna er einstakt og ætti að fella út strax eins og ráðherra gerði við öll önnur sérveiðileyfagjöld. Við greiðum aflagj, bryggjugj, kranagj, rafmagn, vatnsgj, sorpgj, vitagj, skoðunargj og fl gjöld. Hafnirnar hafa ekki þurft að bæta við mönnum af strandveiðum þær eru opnar eins og hafnarstjórnnum á hverjum stað ákveða og við verðum að laga okkur að því. Tímaskekkja.

Sveiflupottur:

Ef að byggðakvóti og varasjóðurinn með 8.800 lestir verða áfram þá væri möguleiki fyrir stjórnvöld að nota þá potta í sveiflupotta vegna strandveiðiafla á hverju ári og yrði þá tekið af væntanlegum pottum nú í sumar.

Með vinsemd og virðingu.

Guðlaugur Gunnarsson,

Grundarfirði.